

20.11.2008

Verkefnisstjórn Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma  
c/o Svanfríður Jónasdóttir formaður

Í meðfylgjandi greinargerð Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) koma fram helstu áherslur samtakanna um hvaða svæði í Árnes- Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu eigi að njóta verndar hvað varðar orkuvinnslu og afleiddar framkvæmdir. Umrædd svæði sem flest eru á suðurhálandinu eru enn að mestu óróskuð af virkjanaframkvæmdum.

NSS leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að vernda jarðfræðilegar landslagsheildir og óróskuð víðerni, slík svæði hafa mikið náttúruverndargildi á heimsvísu. Landslag og fegurðargildi náttúrunnar sé metið til jafns við virkjanakosti og aðra landnýtingu, að virtur sé réttur fólks til að njóta náttúruupplifunar, án sjónmengunar af virkjanaframkvæmdum, miðlunarlönunum, háspennulínunum og tilheyrandi vegagerð.

Allt hálandið frá Skeiðarárjökli að Tungnaá og Jökulheimasvæðinu er innan áhrifasvæðis Vatnajökuls, ásamt jökulám sem um það falla (Djúpá, Hverfisfljót, Skaftá Hólmsá og Tungnaá). Langisjór, Eldgjá og nærsvæði eru einstök náttúruyfyrirbæri á heimsvísu ásamt Lakagígum og Skaftáreldahrauninu frá 1783. Lakagígar eru hluti af Vatnajökulspjóðgarði og fyrirnefnd svæði eiga einnig þar heima sem hluti af jarðfræðilegri heild.

NSS leggja einnig mikla áherslu á að friðland Þjórsárvera verði stækkað og endanlega verði horfið frá öllum virkjanahugmyndum á svæðinu. Sveitirnar við neðri hluta Þjórsár eru verðmætt landbúnaðarland og einstaklega vel fallið til útivistar og náttúruskoðunar.

Kerlingarfjöll, Torfajökulssvæðið og Tindfjallasvæðið (Markarfljót) eru náttúruperlur sem ber að vernda gegn öllum virkjanaframkvæmdum. Sama er að segja um, Ölkelduháls, Grændal, Vonarskarð, Hvítárvatn, Hvítá og Hagavatn.

NSS fagna því að fá tækifæri til að fræðast um vinnu við gerð Rammaáætlunar og munu samtökin leitast við fylgjast með framvindu verkefnisins og koma skoðunum sínum en frekar á framfæri til verkefnisstjórnar.

Virðingarfyllst

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands

- ✓ Ólafía Jakobsdóttir formaður
- ✓ Birgir Þórðarson varaformaður
- ✓ Ragnheiður Jónasdóttir ritari
- Gunnar Ágúst Gunnarsson gjaldkeri
- Sigbrúður Jónsdóttir meðstjórnandi
- ✓ Elín Erlingsdóttir varamaður
- Daníel Magnússon varamaður
- Guðrún Tryggvadóttir varamaður

# Greinargerð Náttúruverndarsamtaka Suðurlands til verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

## Jarðhitasvæði:

### Ölkelduháls

Ölkelduháls svæðið er sérstakt fyrir kolsýrulaugarnar sem eru í þyrpingu frá Ölkelduhálsi suður í Reykjadal og í Hverakjálka. Svæðið allt er ægifagurt og hefur upp á margt að bjóða.

Ölkelduháls, dalirnir ofan Hveragerðis og afréttur Ölfuss nýtur vaxandi vinsælda, sem útivistarsvæði íbúa á vestanverðu Suðurlandi og höfuðborgarsvæðisins. Um er því að ræða dýrmætt svæði í nánasta nágrenni við helsta þéttbýli landsins sem er auk þess að hluta til á náttúruminjaskrá.

### Grændalur

Grændalur er eitt af stærstu ósnortnu hvera- og laugasvæðum landsins í nánd við byggð.

Mikil gróska er í dalnum og þar vaxa nokkrar sjaldgæfar plöntutegundir, sem hér á landi finnast aðeins við jarðhita. Lífriki hveranna er talið einstaklega fjölbreytt. Ummerki jarðhiti eru mjög víða, m.a. eftir báðum hlíðum endilöngum og í dalbotninum. Gufuhverir eru áberandi en þar finnast líka leirhverir, litlir sprengigígar, heitar skeilur, vatnhverir, og heitar og volgar lindir og lækir sem sitra niður hallann. Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun hafa lagt til að Grændalur verði friðlýstur.

### Kerlingarfjöll

Um er að ræða megineldstöð sem liggur milli Langjökuls og Hofsjökuls. Kerlingarfjöll rísa brött upp af 600-700 m hásléttu á vatnaskilum milli Hvítár og Þjórsár og nær um tugar tinda yfir 1100 m hæð. Kjölur er vestan við fjallaklasann en Þjórsárver að austan. Fjöllin eru veðruð, litrík og gróðurlítill. Mikil eldvirkni var innan eldstöðvarinnar á jökul- og hlýskeiðum síðustu ísaldar en engin s.l. 10.000 ár. Fyrr á öldum var talið að í Kerlingarfjöllum gætu hafst við flóttamenn og útiagar en þangað fór fólk sjaldan enda lítill gróður og ekki smalað fyrr en eftir miðja 19. öld. Hvítá var brúuð 1933, vegur komst til Kerlingarfjalla 1936 og 1937-1938 reisti Ferðafélag Íslands sinn næst fyrsta skála í Ásgarði. Þar er nú Ferðamiðstöðin Fannborg. Í

Kerlingarfjöllum eru fjölmargar merktar og ómerktar gönguleiðir við flestra hæfi og ferðir um svæðið hafa aukist mjög á síðust árum. Hestamenn á ferð um Kjalveg á gjarnan í Kerlingarfjöllum. Mikið útsýni er af fjallstindum er til Norður- og Suðurlands.

Kerlingarfjöll eru á Náttúruminjaskrá

### Torfajökulssvæðið

Um er að ræða eitt mesta jarðhitasvæði landsins. Landslag svæðisins er stórbrotið og mikil fjölbreytni í formum og litum. Hrafninnuhraunin sem er að finna á svæðinu eru ekki til annars staðar á landinu, þau yngstu runnu eftir landnám. Síðast gaus um 1480 og syðst á þeirri gosrein komu upp Laugahraun upp af Landmannalaugum og Námshraun sunnan Frostastaðavatns. Það var eitt stærsta þekktu gos hér á landi. Mikill jarðhiti er á yfirborði. Undan Laugahrauni streymir heitt vatn í baðlaugina í Landmannalaugum og annar vinsæll baðstaður er við Strútslaug. Gufuhverir og leirhverir eru víða og kolsýrulaugar. Mest er hveravirknin umhverfis Hrafninnusker og þar hefur hitinn brætt hvelfingar og hella í ísinn. Um svæðið liggur ein vinsælasta gönguleið fjallafólks, Laugavegurinn, milli Landmannalauga og Þórsmerkur.

### Vonarskarð

Vatnajökulspjóðgarður nær yfir svæðið, sem liggur milli Tungnafellsjökuls og Vatnajökuls (Bárðabungu).

Jarðhiti er í Vonarskarði og mikil litadýrð. Jeppaslóð liggur um Hágöngur og Vonarskarð. Ferðamenn lýsa svæðinu sem lítt snortnu og afskektu svæði sem einstakt er að heimsækja. Gönguleiðir liggja frá Nýjadal, inn Jökuldal og yfir í Vonarskarð. Þarna er að finna magnað göngusvæði sem fáir þekkja.

## Vatnasvæði:

### **Hagavatn**

Farið steypist í fögrum Nýjafossi úr Hagavatni við sunnanverðan Langjökul. Hagavatn er talið hafa myndast eftir að hraun rann frá dyngjunni Lambahrauni fyrir um 3600 árum og stíflaði hvílt milli Hagafells og Brekknafjalla. Afrennsli þess var um lægsta skarð í Brekknafjöllum og um Farið til Sandvatns, en töluvert vatn mun hafa hripað gegnum fjöllin og um hraunið vestan þess. Miklar breytingar hafa orðið á Hagavatni og nágrenni á síðustu öldum. Hagafellsjökull hefur ýmist hopað eða sótt fram og heimildir eru um fimm jökulhlaup úr vatninu sem hafa mótað umhverfið mikið. Ferðafélags Íslands reisti árið 1942 gistiskála við Einifell, rétt austan við Farið við vestustu Jarlhettuna. Skálinn stendur í fallegum og nokkuð grónum fjallakrika. Margar skemmtilegar gönguslóðir eru um Jarlhettur, upp að Langjökli og að Hagafelli.

### **Hvítárvatn /Hvítá/ Ölfusá**

UM er að ræða víðáttumikið, gróið votlendi á upptaksvæði Hvítár. Innan svæðisins er Karlsdráttur en þar er skriðult kjarr í mikilli hæð og á afar afskekktum stað. Þessar síðustu leifar kjarrs á Kili eru vitnisburður um að þar hafi land verið viði vaxið. Nafnið Karlsdráttur mun vera komið af því að karl dró kálfa yfir Hvítárvatn til að hafa þá á beit í kjarrinu. Talsvert fuglalíf, meðal annars verpa á svæðinu heiðagæsir og mófuglar verpa í Hvítárnesi. Hvítárvatn er á Náttúrunminjaskrá og Hvítárvatn og Hvítárnes eru á Náttúruverndaráætlun 1. Í Hvítá falla þverár sem margar hverjar renna í mikilfenglegum gljúfrum og fossum. Þekkastur er Gullfoss, konungur íslenskra fossa sem steypist ofan í mikil gljúfur sem áin hefur grafið sér fram með Tungufelli. Sogið fellur í Hvítá fyrir austan Ingólfssjall. Eftir það heitir vatnsfallið Ölfusá til ósa. Mikil laxveiði er í Hvítá og Ölfusá og ýmsum þverám sem í Hvítá falla. Gullfoss er friðlýstur og hluti svæðisins er á Náttúrunminjaskrá.

### **Þjórsárver**

Um er að ræða víðáttumestu gróðurvin á miðhálandi Íslands um 140 ferkílómetrar að flatarmáli. Gróskumiklar og fjölskrúðugar flæðilendur með afar fjölskrúðugu gróðurfari. Mestu varpstöðvar heiðargæsarinnar í heimi. Svokallaðar rústir eru sérkennilegar sífreramyndanir í jarðvegi sem geta orðið yfir metri að stærð. Örnefni minna á búsetu útilegumanna í gegnum tíðina. Fyrst lýst friðland 1981. Reglur endurskoðaðar 1987

Svæðið er verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1990). Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð.

Náttúrufegurð Þjórsárvera og umhverfis þeirra með jökulinn í baksýn er alþekkt og fjölbreyttur gróður, tjarnir og vötn, mikið fuglalíf og smærri dýr, jökulár og víðernið gera þetta svæði einstakt í sinni röð. Komið hafa fram tillögur um að stækka friðlandið í Þjórsárverum þannig að það nái yfir allt hið gróna svæði meðfram Þjórsá allt að Sultartangalóni.

Landsvæðið meðfram Þjórsá frá Þjórsárverum og að Sultartangalóni er afar fallegt og að stærstum hluta vel gróið, þar eru mikil lindasvæði, þar verpir heiðagæs og ýmsir fuglar. Þrjár stórfossar eru í Þjórsá á þessum kafla (Kjálkaversfoss/Hvanngiljafoss, Dynkur og Gljúfurleitarfoss). Hálandið á milli Þjórsár og Hvítár, allt suður að Sultartangalínunum eru óbyggð víðerni, þar sem ekki eru nein stór mannvirki né uppbyggðir vegir. Á Íslandi fækkar ört þeim svæðum þar sem ekki hafa verið sett niður mannvirki af einhverju tagi.

### **Neðri hluti Þjórsár**

Neðri hluti Þjórsár liðast um blómleg og þéttbýl landbúnaðarhéruð. Umhverfi árinna er einstaklega fagurt og gróðursæld mikil. Fallegir fossar og eyjar prýða ána í byggð, má þar nefna fossinn Búða og Urriðafoss, einn vatnsmesta foss landsins, og eyjuna Árnes sem Árnessýsla dregur nafn sitt af. Fiskgengd er mikil í Þjórsá, einkum lax, og veiðast þar um 5% af öllum laxi á landinu.

### **Tungnaá**

Umhverfi Tungnaár er stórbrotið land andstæðna, mótað af eldvirkni og sérkennilega blandað svörtum gróðurlausum söndum, strjálum vötnum, mosagrænum hraunum og móbergshryggjum. Upptök Tungnaá eru við vesturbrún Vatnajökuls sunnan við Kerlingar. Að austan eru Tungnaárfjöll,

Grænifjallgarður, Faxi og Kattarhryggir og handan árinna Snjóöldufjallgarður en að baki hans eru Veiðivötn. Lónakvísl sem sprettur fram úr lindum undir Tungnaárfjöllum fellur í Tungnaá stuttu sunnan við Klakkafell. Austanvert í Snjóöldufjallgarði er þursabergsdrangurinn Tröll Nokkru ofan við Trölllið er hellisskútinn Hreysið þar sem sagt er að útilegumenn hafi hafst við. Friðland að Fjallabaki liggur að Tungnaá við Skyggni og Vatnaöldur til Vesturbjalla.

### Markarfljót

Vatnasvið Markarfljóts í Rangárþingi er eitthvert hið litauðgasta og fjölbreytilegasta á landinu, auk þess sem mörg merkileg og auðsýnileg náttúrufyrirbæri er að finna á því. Upptök Markarfljóts eru í Reykjadalum, vestanvert í Torfajökulshálendinu. Að ánni og umhverfis hana eru miklar menjar um hamfarahlauð, sem þar mun hafa orðið fyrir um það bil tvö þúsund árum. Má þar telja hlaupmalir, urðir og hjalla, gljúfur að ánni og hlaupfossaför ofan í Hattfellsgil. Í hlaupi þessu mun Markarfljótsgljúfur hafa grafið að miklu leyti, en sandlag eftir það liggur undir jarðvegi um mikinn hluta Landeyja, þar sem hlaupið flæddi yfir.

### Hólmsá

Upptök Hólmsá eru í Torfajökli og Mýrdalsjökli, þaðan rennur hún suðaustur um svokallað Hólmsárlón (þar er Strútslaug innan við lónið) og fellur svo hjá gígfallinu Rauðabotni (hluti Eldgjár sprungunnar) ofan á austurbrún Mælifellssands. Eftir það bætast henni vötn vestan af Mælifellssandi og jökulár frá Mýrdalajökli. Hún rennur niður vestan Skaftártungu og neðan hennar saman við Eldvatn í Skaftártungu (hluti Skaftár), en eftir það heita þau vötn Kúðafliót allt í sjó fram.

Í ánni eru fagrir fossar, má þar nefna Hólmsárfoss, með hvanngróður og annað blómskrúð í óvæðishólum í ánni. Er þarna víða ákaflega fallegt með ánni og umhverfis hana.

### Langisjór og Skaftá

**Langisjór**, stærsta blátæra fjallavatn landsins, liggur mitt í ósnortnu víðerni í djúpum dal milli móbergshryggjanna Tungnaárfjalla og Fögrufjalla. Þar er einn fegursti staður landsins, að formum og litbrigðum, víðáttu, og andstæðum.

Langisjór og umgjörð hans er einstakt svæði á heimsvísu því að hvergi á úthafshrygg ofansjávar vitnar land um eins gífurlega eldvirkni á gossprungum undir ísaldarjökli. Tuga kílómetra langir móbergshryggir, 100-300 m háir stefna norðaustur frá Torfajökli og hverfa undir Vatnajökul, sem nú hylur nyrsta hluta þess hryggjarstykki sem birtist er ísaldarjökullinn hvarf af landinu fyrir um 10 þúsund árum. Lakagígur (nú Þjóðgarður), Eldhraun og móbergshryggir frá Grænafjallgarði og norðaustur beggja vegna Langasjávar hafa einstakt fræðslu- og vísindagildi og er talið að landsvæðið gæti komist á Heimsminjaskrá Menningarstofnunar Sameinuðþjóðanna (UNESCO). Eldgjárhraunið frá árinu 934 og Eldhraunið sem rann frá Eldborgarröðum 1783-1784 eru stærstu hraun sem runnið hafa á Jörðinni á síðustu árþúsundum. Þekking og reynsla Íslendinga af Skaftáreldum er framlag til skilnings á náttúruhamförum sem hafa áhrif um allan heim. Ábyrgð okkar að gæta þessa lands er því mikil.

**Skaftá** og umhverfi hennar er hluti af svæðisheild sem nær yfir Lakagíga og Eldgjá, sem eru upptök mestu eldgosa sem orðið hafa í heiminum á sögulegum tíma. Þar er vinsælt útivistarsvæði með fjölbreyttu, vatnafari, jarðmyndunum, landslagi og gróðri, og þar eru merkar menningar- og mannvistarminjar. Skaftá á upptök sín í Vatnajökli og nær vatnasvæði hennar allt upp í hlíðar Bárðarbungu og tengist einnig jarðhitasvæði Skaftárkatlanna í Vatnajökli. Skaftá kemur í tveimur meginkvísilum undan Vatnajökli, vesturkvísl frá syðsta hluta Tungaárjökuls og Skaftárjökli, skammt austan við Fögrufjöll, og austurkvísl frá nyrsta hluta Síðujökuls. Kvíslarnar sameinast norðan við móbergsfellið Tröllhamar og flæmast austan Fögrufjalla suðvestur um flata 2-3 km breiða aura sem í Skaftárhlaupum verða samfelld haf. Síðan þrengir Skaftáreldahraunið frá 1783 ánni að Fögrufjöllum allt frá Sveinstindi vestur fyrir Kamba. Alla þessa leið fellur Skaftá meðfram Lakagígum sem eru hluti af Vatnajökulspjóðgarði.

Skaftá, sem sveitarfélagið Skaftárhreppur dregur nafn sitt af, er í raun lífæð byggðarinnar.

Skaftá nærir lífmikil vötn, ár og votlendi Skaftárhrepps og einnig uppeldissvæði fiskistofna undan ströndinni. Sérstæðan sjóbirtingsstofn er að finna á vatnasvæði Skaftár og eru veiðinytjar ein af undirstöðum búsetu á svæðinu. Skaftáreldahraun er á Náttúruverndaráætlun 1.

### **Hverfisfljót**

Hverfisfljót á upptök sín í Síðujökli í Vatnajökli. Hverfisfljót rennur í jaðri Eldhrauns sem rann í Skaftáreldum 1783 og er stærsta hraun sem komið hefur upp í einu gosi og það er því eitt af fáum heimsundrum á Íslandi. Í Hverfisfljóti er að finna fallega fossaröð sem fljótið er enn að móta í nýjum farvegi frá Skaftáreldum. Í nágrenni fljótsins í Eldhrauni er nýlega fundið eitt mesta samfellda hraunhellasvæði á landinu, Laufbalahellar.

### **Djúpá**

Djúpá í Fljótshverfi á upptök sín úr Síðujökli í Vatnajökli. Djúpá rennur um óspillt svæði nærri stærsta þjóðgarði Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarði. Afar stórfenglega og fallega fossaröð er að finna í Djúpá þar sem hún rennur í gegnum Djúpárdal.

Heimildir:

<http://www.natturukort.is/nattura.info>

<http://www.ust.is/>

<http://www.south.is/>

<http://www.iww.is/langisjor/>